

314. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 3. SEPTEMBER 2020 KL 9:40
(FRAMHALDIÐ MÁNUDAGINN 7. OG MIÐVIKUDAGINN
9. SEPTEMBER)

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

DAGSKRÁ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Fjárhagsáætlun 2021
 - b) Erindi Akranessóknar
 - c) Söluheimildarlisti kirkjupings (*Voli, Árnes 1, Skeggjastaðir*)
 - d) Fjallahjólaleið um Mosfell
 - e) Laugavegur 31
 - f) Erindi fyrrum sóknaprests á Breiðabólstað
 - g) Ósk um lóð undir íbúðarhús í Önundarfirði
 - h) Leigusamningur um lóð í landi Vogsósa
 - i) Framkvæmdáætlun fasteignasviðs fyrir 2021-2023
 - j) Jörðin Brúnir
- 3) Samtal um kirkjuping og fyrirliggjandi mál
- 4) Málefni Skálholts
- 5) Fjarfundabúnaður fyrir sálgæslu
- 6) Viðbrögð kirkjunnar í kjölfar Covid-19 faraldursins
- 7) Önnur mál
 - a) Starfsreglur um Orgelnefnd þjóðkirkjunnar
 - b) Starf forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
 - c) Skilti hjá Hallgrímskirkju í Saurbæ
 - d) Kirkjustarfshópur kirkjuráðs
 - e) Lagahópur kirkjuráðs
 - f) Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan
 - g) Kristniboðs og hjálparstarfsnefnd
 - h) Stefnumótun í kærleiksþjónustu

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:45 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri og Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri, sátu fundinn undir dagskrárlíð 2. Reynir Jónasson og Helgi Gunnarsson frá KPMG sátu fundinn undir dagskrárlíð 2. Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, kirkjuþingsmaður og formaður framtíðarnefndar kirkjuþings sátu fundinn undir dagskrárlíð 3. Pétur G. Markan, samskiptastjóri, Hildur Björk Hörpudóttir, sviðsstjóri fræðsluviðs og Arnór Skúlason, verkefnastjóri fasteignasviðs, komu inn á fundinn undir dagskrárlíð 2 a.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Fjárhagsáætlun 2021

Unnið var að gerð fjárhagsáætlunar Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu fyrir árið 2021, með sérfræðingum frá KPMG. Skýrslan er ekki fullunnin, að mati kirkjuráðs, en verður lögð fram sem fylgiskjal með 2. máli kirkjuþings um fjármál þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð mun leggja fram fjárhagsáætlun vegna ársins 2021 á kirkjuþingsfundi sem mun fara fram í nóvember.

b) Erindi Akranessóknar

Lagt var fram erindi Akranessóknar, dags. 25. maí 2020 þar sem þess er óskað að kostnaður vegna sameiningar prestakalla verði endurgreiddur úr jöfnunarsjóði sókna.

Kirkjuráð samþykkti að vísa erindinu til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar 2021.

c) Söluheimildarlisti kirkjuþings

Kirkjuráð ræddi um hvort rétt væri að setja jarðirnar Vola, Árnes 1 og Skeggjastaði í söluferli. Kirkjuráð frestaði ákvörðun um sölu Vola á 306. fundi sínum og hafði ekki tekið formlega afstöðu til hinna jarðanna þetta starfsárið. Kirkjuráð taldi rétt að bíða með ákvörðun um söluferli þar til eftir kirkjuþing, heppilegt þykir að heildstæð eignastefna liggi fyrir þegar ákvarðanir um sölu eru teknar.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði að áætla kostnað við að endurnýja bárujárnsklæðningu á íbúðarhúsinu að Árnesi 1, sem og fá verðmat fyrir jörðina.

d) Fjallahjólaleið um Mosfell

Lagt var fram erindi dags. 13. ágúst 2020.

Kirkjuráð samþykkti erindið.

e) *Laugavegur 31*

Milli funda samþykkti kirkjuráð kauptilboð í fasteignina Laugavegur 31.

Kirkjuráð staðfesti samþykkt sína.

f) *Erindi fyrrum sóknarprests á Breiðabólstað*

Lagt var fram erindi fyrrum sóknarprests á Breiðabólstað, dags. 27. ágúst 2020.

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu.

g) *Ósk um lóð undir íbúðarhús í Önundarfirði*

Lagt fram ódagsett erindi, fyrirspurn um lóð undir íbúðarhúsnæði.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla frekari gagna um málið.

h) *Leigusamningur um lóð í landi Vogsósa*

Lögð fram drög Strandakirkjunefndar að leigusamningi í landi Vogsósa sem kæmi í stað gildandi lóðasamnings.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að taka málið til umfjöllunar og skila tillögum sínum til kirkjuráðs á næsta fundi.

i) *Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs fyrir 2021-2023*

Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs fyrir árin 2021-2023, lögð fram til kynningar.

j) *Jörðin Brúnir*

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir söluheimild fyrir jörðina Syðra-Laugaland á 306. fundi sínum, 11. mars sl. Brúnir er aðliggjandi jörð og því eðlilegt að tekin sé afstaða til hennar um leið og fjallað er um Syðra-Laugaland.

Kirkjuráð samþykkti að óskað yrði eftir söluheimild fyrir jörðina á kirkjuþingi 2020 í september.

3. SAMTAL UM KIRKJUÞING OG FYRIRLIGGJANDI MÁL

Rætt var um kirkjuþing sem fyrirhugað er 10. september næstkomandi og stöðu þingmála.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

Lagt var fram erindi vígslubiskups í Skálholti, dags. 25. ágúst 2020.

Kirkjuráð staðfesti fyrri ákvörðun um ráðstöfun fjár til viðhalds á Skálholtsdómkirkju.

5. FJARFUNDABÚNAÐUR FYRIR SÁLGÆSLU

Rætt var um yfirferð á fjarfundabúnaði sem líklegt er að geti hentað fyrir sálgæsluviðtöl og handleiðslu.

□ Kirkjuráð samþykkti að greitt yrði fyrir að koma þessum búnaði í notkun. Framkvæmdastjóra ásamt Axel Árnasyni Njarðvík, kirkjuráðsmanni, var falið að vinna að verklagsreglum fyrir hinn nýja búnað.

6. VIÐBRÖGÐ KIRKJUNNAR Í KJÖLFAR COVID-19 FARALDURSINS

Kirkjuráð ræddi um Covid-19 faraldurinn. Biskupsritaði sagði frá vikulegum samráðs- og upplýsingafundum landlæknis, sem landlæknir efnir nú til, með stofnunum og félagasamtökum í samfélaginu. Fyrsti fundurinn var haldinn 25. ágúst sl.

7. ÖNNUR MÁL

a) Starfsreglur um Orgelnefnd þjóðkirkjunnar

Lögð voru fram drög að starfsreglum um Orgelnefnd þjóðkirkjunnar unnin af Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og starfshóps á hennar vegum. Kirkjuráði samþykkti reglurnar en telur óþarft að leggja starfsreglurnar fyrir kirkjuþing 2020.

b) Starf forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

Kynnt voru drög að auglýsingu fyrir forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

□ Kirkjuráð samþykkti drögin og samþykkti að auglýsa starfið. Kirkjuráð óskar eftir því að mannauðsstjóri Biskupsstofu annist um ráðningarferlið í samstarfi við kirkjuráð.

c) Skilti hjá Hallgrímskirkju í Saurbæ

Lagt fram erindi menningar- og markaðsnefndar Hvalfjarðarsveitar frá 20. ágúst sl., varðandi upplýsingaskilti sem fyrirhugað er að setja við Hallgrímskirkju í Saurbæ.

□ Kirkjuráð þakkar góða kynningu og fól framkvæmdastjóra að koma á framfæri athugasemdum kirkjuráðs sem nefndar voru á fundinum

d) Kirkjustarfshópur kirkjuráðs

□ Kirkjuráð samþykkti að séra Hreinn S. Hákonarson taki við í kirkjustarfshópi í stað séra Sigfúsar Kristjánssonar sem lauk störfum 1. ágúst sl.

e) Lagahópur kirkjuráðs

□ Kirkjuráð samþykkti að nýr lögfræðingur fasteignasviðs, Ásta Guðrún Beck, tæki við í lagahópi í stað Skúla Guðmundssonar sem lauk störfum í upphafi árs.

f) Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan

□ Kirkjuráð samþykkti að nýr sviðsstjóri fræðslusviðs, sr. Hildur Björk Hörpudóttir, yrði tilnefnd í stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfu, í stað sr. Sigfúsar Kristjánssonar.

g) Kristniboðs og hjálparstarfsnefnd

Kirkjuráð samþykkti að Magnea Sverrisdóttir, djákni, yrði skipuð í Kristniboðs og hjálparstarfsnefnd í stað sr. Sigfúsar Kristjánssonar.

h) Stefnumótun í kærleikspjónustu

Lögð var fram áfangaskýrsla nefndar um stefnumótun kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar og tillaga um áframhaldandi starf nefndarinnar.

Kirkjuráð samþykkti að framlengja umboð nefndarinnar til að veita nefndinni svigrúm til að ljúka störfunum.

Fundi var frestað kl. 16:30.

Fundi var framhaldið mánudaginn 7. september kl. 10:00.

Fundi frestað kl. 17:10.

Fundi var framhaldið miðvikudaginn 9. september kl. 12:50.

Fundi slitið kl. 13.45.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 1. október nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir